

Reyndu nautin styrkja sína stöðu – Um niðurstöður kynbótamats í október 2017

Guðmundur Jóhannesson
ábyrgðarmaður í
nautgriparékt
mundi@rml.is



Nú eru komin til notkunar fimm ný reynd naut úr árgangi 2011 og hafa þá alls 9 naut af 26 í þessum árgangi komið til notkunar sem reynd naut.

Til samanburðar komu 12 af 28 nautum í árgangi 2010 til dreifingar sem reynd naut. Í 2011 árgangnum er að finna fyrstu syni nautsfeðranna frá 2004 en Ári 04043 átti 3 syni í þessum árgangi og Stássi 04024 einn. Fleiri syni þeirra er svo að finna í 2012 árgangnum sem og syni Stíls 04041. Við fyrstu sýn eru efnahlutföllin veiki hlekkur Árasona og kemur svo sem ekki á óvart hafandi hann sjálfan í huga.

Þau naut sem áður voru komin til dreifingar úr þessum árgangi hafa styrkt sína stöðu og hækkað í mati. Þannig er **Kunningi 11002** kominn með 109 í heildareinkunn og með geysigott mat fyrir efnahlutföll. **Gýmir 11007** er alhlíða naut, sterkur í afurðum og skapi með 111 í heildareinkunn. **Stólpi 11011** bætir vel í og stendur nú með 111 í heildareinkunn, öflugur í mjólkurmagni og jógurgerð en efnahlutföll og mjaltir í tæpu meðallagi verða til þess að hann er ekki tekinn í hóp nautsfeðra. **Skalli 11023** bætir í og er kominn með 113 í heildareinkunn. Hann flyst í hóp nautsfeðra enda geysisterkur í mjólkurmagni, jógurgerð og skapi en efnahlutföllin mættu vera hærri. Þessi naut verða áfram í dreifingu í vetur.

Ný reynd naut

Ef við víkjum svo að þeim nautum sem koma ný til dreifingar í flokki reyndra nauta þá eru þau eins og áður sagði fimm talsins. Hér á eftir fer nánari lýsing á þeim.



Laxi 11050 er frá Laxamýri í Reykjahverfi undan Síriusi 02032 og Safiru 206 Laskadóttur 00010. Dætur Laxa eru stórar og mjólkurlagnar kúr með fituhlutfall í mjólk um meðallag en próteinhlutfall nokkru lægra. Þetta eru háfættar, boldjúpar og útlögumiklar kúr með eilítið veika yfirlínu. Malirnar eru mjög breiðar og vel gerðar. Fótstaða er góð, bein, sterkleg og gleið. Jógurgerðin er góð og jógurinn ákaflega vel borin, jógurfesta í meðallagi en jógurband fremur lítt áberandi. Spenar eru vel gerðir, hæfilegir að lengd og þykkt en of gleitt settir. Mjaltir eru úrvalsgóðar og lítið er um galla í mjóltum. Þá er skap þessara kúa gott. Um helmingur afkvæma Laxa er einlitur þar sem rauðir og kolóttir litir eru algengastir en allir grunnlitir koma fyrir. Af tvílitum er huppóttur koma fyrir. Undan Laxa geta komið myndir gripir. Heildareinkunn 107.



Roði 11051 er frá Hrepphólum í Hrunamannahreppi undan Ara 04043 og Kolu 522 Koladóttur 06003.

Einkunnir reyndra nauta Nautastöðvar BÍ sem fyrirhugað er að nota sæði úr veturinn 2017-18																
Nafn og nr.	Mjólkk	Fitu%	Prótein%	Afurðir	Frjósemi	Frumutala	Gæðaröð	Skrokkur	Júgur	Spenar	Mjaltir	Skap	Ending	Kynbótaeinkunn	Hæð dætra	
Strákur 10011	125	103	93	118	108	93	117	95	97	99	115	96	99	108	5,8	
Fossdal 10040	110	88	107	112	92	121	89	98	126	98	91	104	117	109	5,8	
Kústur 10061	117	105	108	118	93	113	89	100	106	107	103	90	105	109	5,3	
Lúður 10067	122	100	125	131	94	106	102	100	110	101	117	104	99	116	5,6	
Sólon 10069	114	96	112	118	95	83	79	100	94	108	104	92	95	106	5,6	
Dropi 10077	109	84	117	115	119	118	104	100	128	99	109	111	111	114	5,8	
Mörsugur 10097	101	123	111	107	96	105	96	107	115	104	95	110	108	106	5,5	
Kunningi 11002	113	116	121	120	96	88	103	102	92	111	101	102	107	109	5,7	
Gýmir 11007	117	104	107	117	105	105	93	101	101	101	101	116	116	111	5,9	
Stólpi 11011	117	87	96	114	112	113	94	94	111	106	94	110	110	111	5,6	
Skalli 11023	127	83	96	121	79	112	98	107	115	104	104	118	111	113	5,3	
Laxi 11050	120	97	89	112	98	80	98	108	108	98	122	113	105	107	5,9	
Roði 11051	126	84	90	117	75	120	103	103	92	111	105	97	97	107	5,3	
Skellur 11054	116	93	89	108	91	105	125	108	122	106	118	115	114	109	5,7	
Öllari 11066	121	80	89	113	107	101	106	105	125	99	99	96	93	107	5,4	
Bryti 11070	114	97	93	109	88	101	102	102	111	106	120	93	105	106	5,4	

Dætur Roða eru mjög mjólkurlagnar kúr en efnahlutföll eru frekar lág. Þetta eru meðalstórar og í góðu meðallagi háfættar kúr, boldjúpar með meðalútlögur og sterka yfirlínu. Malirnar eru meðalbreiðar, beinar og þaklaga. Fótstaða er góð, bein, sterkleg og nokkuð gleið. Jógurgerðin er í tæpu meðallagi, aðeins vantar á jógurfestu og þau eru meðalvel borin. Spenar eru vel gerðir, aðeins í lengri kantinum en hæfilega þykkir og vel settir. Mjaltir eru um eða yfir meðallag og lítið er um galla í mjóltum. Skapið er í meðallagi hjá þessum kúm. Meirihluti afkvæma Roða er tvílitur þar sem mest er um huppóttan og skjöldóttan. Af grunnlitum eru rauðir litir langalgengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Undan Roða geta komið myndir afkvæmi. Heildareinkunn 107.



Skellur 11054 er frá Lágafelli í A-Landeyjum undan Ara 04043 og Míu 214 Ássdóttur 02048. Dætur Skells eru mjólkurlagnar kúr en efnahlutföll eru undir meðallagi. Þetta eru fremur stórar og háfættar kúr, boldjúpar með góðar útlögur og sterka yfirlínu. Malirnar eru breiðar, aðeins hallandi en fremur flatar. Fótstaða er góð, bein, sterkleg og gleið. Jógurgerðin er mjög góð, mikil festa, áberandi jógurband og jógurinn er mjög vel borin. Spenar eru vel gerðir, stuttir en hæfilega þykkir og vel settir. Mjaltir eru mjög góðar og gallar í mjóltum fátíðir. Skap þessara kúa er mjög gott. Meirihluti afkvæma Skells er tvílitur og ber þar mest á huppóttum og skjöldóttum. Af grunnlitum eru rauðir og kolóttir litir langmest áberandi þó allir grunnlitir komi fyrir. Ekki er þekkt að Skellur gefi mynd afkvæmi. Heildareinkunn 109.



Öllari 11066 er Ölkeldu 2 í Staðarsveit á Snæfellsnesi undan Ófeigi 02016 og Jönu 432 Stígisdóttur 97010. Dætur Öllara eru mjög mjólkurlagnar kúr en efnahlutföll eru undir meðallagi. Þetta eru meðalstórar og í góðu meðallagi háfættar kúr, boldjúpar með meðalútlögur og sterka yfirlínu. Malirnar eru fremur grannar, beinar og þaklaga. Fótstaða er góð, bein og sterkleg. Jógurgerðin er úrvalsgóð, mjög mikil festa, áberandi jógurband og jógurinn er mjög vel borin. Spenar eru vel gerðir, hæfilega langir, vel

settir en grannir. Mjaltir og skap þessara kúa eru í meðallagi og koma seinar mjaltir aðeins fyrir. Allmikill meirihluti afkvæma Öllara er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum. Af grunnlitum koma rauðir litir langoftast fyrir þó allir litir nema gráir finnast. Ekki er þekkt að Öllari gefi mynd afkvæmi. Heildareinkunn 107.



Bryti 11070 er frá Akureyri 2 í V-Landeyjum undan Gylli 03007 og Búbót 580 Stígisdóttur 97010. Dætur Bryta eru mjólkurlagnar kúr en efnahlutföll eru undir meðallagi. Þetta eru meðalstórar og í góðu meðallagi háfættar kúr, boldýpt og útlögur eru í meðallagi en yfirlína aðeins veik. Malirnar eru meðalbreiðar, aðeins hallandi og þaklaga. Fótstaða er aðeins hokin og veik. Jógurgerðin er góð, mikil festa, áberandi jógurband og jógurinn er vel borin. Spenar eru vel gerðir, hæfilega langir, mjög vel settir en frekar grannir. Mjaltir þessara kúa eru úrvalsgóðar og mjaltagallar fátíðir. Skapið er í tæpu meðallagi. Meirihluti afkvæma Bryta er einlitur og koma rauðir litir oftast fyrir en allir nema gráir finnast. Af tvílitum koma huppóttur og skjöldóttur oftast fyrir. Ekki er þekkt að Bryti gefi mynd afkvæmi. Heildareinkunn 106.

Önnur reynd naut í dreifingu

Þau naut sem áfram verða í dreifingu og ekki er áður getið eru fædd 2010. **Strákur 10011** stendur með 108 í heildareinkunn og sækir styrk sinn öðru fremur í mjólkurlagni og góðar mjaltir. **Fossdal 10040** er nú með 109 í heildareinkunn en kostir hans liggja öðru fremur í gríðargóðri jógurgerð og mikilli jógurhreyfingu. **Kústur 10061** er með 109 í heildareinkunn en þarna er á ferðinni afurðanaut, bæði hvað varðar magn og efni. **Lúður 10067** styrkir sína stöðu vel og stendur í 116 í heildareinkunn nú. Lúður hlýtur að teljast öflugur alhlíða naut þó athygli vekji mjólkurlagni, gríðarhá prótein% og góðar mjaltir. **Sólon 10069** er með 106 í heildareinkunn og styrkleikar hans eru fyrst fremst á afurðahlíðinni. **Dropi 10077** er með 114 í heildareinkunn en hann verður að teljast alhlíða þó mestur styrkur liggja í hinni frábæru jógurgerð dætra. **Mörsugur 10097** er með 106 í heildareinkunn og er öflugur valkostur vegna hárra efnahlutfalla og góðrar jógurgerðar.

Naut úr dreifingu

Þau naut sem falla úr dreifingu eru Blómi 08017, Neptúnus 10079, Úranus 10081, Bætur 10086 og Úlli

10089. Þessi naut eru ýmist talin fullnotuð eða sæði er uppuríð hjá Nautastöð BÍ. Enn getur þó verið að finna einhver strá úr þessum nautum í kútum frjótækna sem er þá um að gera að nýta standi hugur manna til þess.

Nautsfeður næstu mánuði

Þau naut sem valin voru sem nautsfeður til notkunar næstu mánuði eru Strákur 10011, Lúður 10067, Gýmir 11007, Skalli 11023 og Skellur 11054 en þeir tvei síðast nefndu eru nýir í þessum hópi. Áfram verður falast eftir nautkálfum undan Dropa 10077, Úranusi 10081 og Úlla 10089. Undanfarnar vikur hefur framboð á nautkálfum verið mikið og gott og því hægt að gera miklar kröfur til þeirra. Full ástæða er til að þakka bændum þann mikla áhuga sem þeir sýna kynbótastarfinu en með góðu og öflugri vali nautkálfa er lagður grunnur að erfðafrámförum næstu ára.

Val og pörun nautsmæðra

Áfram er miðað við að nautsmæður séu ekki með lægri heildareinkunn en 106, 90 fyrir fitu% og 100 fyrir mjaltir. Þessu til viðbótar eru svo skoðaðir fleiri þættir þegar nautkálfa býðst og er þá m.a. lítið til afurða, útlits, bils milli burða, mjaltala o.fl.

Í Huppu hefur nú verið lesin tillaga að pörun fyrir allar kúr og kvígur fæddar til og með 2016 og með 106 í heildareinkunn eða hærri. Þessi tillaga er gerð í forritinu EVA sem reiknar pörunartillögurnar á landsvísi og tekur tillit til lágmarkunar skyldleikaræktar með mestu mögulegu erfðafrámförum. Auðvitað þýðir aukin á áhersla á minni skyldleikarækt minni erfðafrámfarir til skamms tíma en hins vegar aukinna erfðafrámfarir til lengri tíma lítið.

Það er okkar tilmæli að farið sé að þessum pörunartillögum og ef vikið er frá henni að það sé gert í samráði við ráðunauta RML. Þannig eignum við að geta náð enn markvissari og betri pörun en ella og styrkt nautkálfaúrvalið enn frekar.

Hæstu naut

Við skulum svo til gaman kíkja aðeins á hvaða naut standa hæst fyrir ákveðna eiginleika og tekur þessi umfjöllun eingöngu til nauta sem fengið hafa afkvæmadóm. Í heildareinkunn Stendur Bambi 08049 efstur allra nauta í dag með 119 í heildareinkunn en fast á hæla honum kemur Úranus 10081 með 118. Næst kemur svo Lúður 10067 með 116, Koli 06003 er með 115 og þá kemur Dropi 10077 með 114. Skalli 11023 er með 113 og með 112 eru svo kunnugleg nöfn eins og Kambur 06022, Laufás 08003 og Úlli 10089. Þá eru Frami 05034, Birtingur 05043 og Baldi 06010 með í 111 í dag. „Gömlu matadorarnir“ Kaðall 94017 og Stígur 97010 eru báðir með 108 og Laski 00010 er með 107.

Fyrir einstaka valda eiginleika er röðin þessi:

Afurðir	Eink.
Lúður 10067	131
Úranus 10081	131
Skandall 03034	126
Flóði 02029	126

Frumutala	Eink.
Heiðarás 89014	139
Erró 89026	138
Garpur 98009	135
Dreitill 06001	135

Júgur	Eink.
Víðkunnur 06034	143
Baldi 06010	137
Kambur 06022	135
Birtingur 05043	134

Spenar	Eink.
Sorti 90007	145
Glanni 98026	138
Krúsi 08014	131
Náttfari 00035	129
Koli 06003	129

Mjaltir	Eink.
Bambi 08049	136
Úi 96016	134
Gyllir 03007	131
Úranus 10081	131

Skap	Eink.
Stokkur 01035	134
Bambi 08049	130
Trosi 11026	129
Aðall 02039	127
Pinkill 94013	127

Ending	Eink.
Birtingur 05043	123
Kambur 06022	122
Taumur 01024	120
Pulur 09069	119
Þráður 86013	119
Koli 06003	119

Nýjungar í kynbótastarfinu

Góðu heilli er langt frá því að það ríki stöðnun í kynbótastarfinu og stöðugt er leitað nýrra leiða og tækja til þess að efla það og bæta bændum og neytendum til hagsbóta. Áður hefur verið fjallað um erfðamengisúrval hér í blaðinu og á öðrum vettvangi. Þetta verkefni er í gangi og þegar þetta er skrifað er söfnun lífsýna í fullum gangi. Hún hefur gengið vel, þökk sé miklum áhuga og skilningi bænda á verkefni. Þeir hafa ekki einungis tekið vel á móti þeim er sýnin hafa tekið heldur beinlínis fagnandi og stutt framkvæmdina vel og dyggilega með leyfi fyrir sýnatökunni og aðstoð við framkvæmd hennar. Slíkt er alls ekki sjálfgefið og ber að þakka með virktum. Í dag standa áætlanir þannig að erfðamengisúrval verði að veruleika hérlendis eftir 3-5 ár.

Síðast liðinn þriðjudag varð Jón Hjalti Eiríksson meistaraftgerð sína er fjallað um mældagalikar fyrir íslenska kúastofninn. Nú í vetur mun verða unnið að innleiðingu þess við kynbótamatsútreikninga fyrir afurðir og frumutölu. Með

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Því mun afkvæmadómur nautanna nást mun fyrr en áður og munar þar allt að 15 mánuðum auk þess sem niðurstöður hans sýna mun herra arfgengi fyrir þessa eiginleika en verið hefur. Uptaka þessa líkans mun því hraða erfðafráfarum verulega og hraða afkvæmadómi nautanna.

Í vetur er verið að vinna að mati á hagrænu vægi eiginleika í nautgripærkt og er áætlað að þeirri vinnu verði lokið í júní 2018. Þetta verkefni er mjög brýnt

og ein af grundvallarforsendum þess að geta nýtt erfðamengisúrval á skynsamlegan hátt þegar þar að kemur. Ætlunin er að niðurstöður þessarar vinnu verði lagðar til grundvallar við breytingar á heildareinkunn kynbótamatsins.

Hafinn er undirbúningur að nýju mati fyrir frjósemi en í dag er það eingöngu metið út frá bili milli burða. Sá eiginleiki er í sjálfu sér mjög traustur og öruggur til mats á frjósemi en hefur þó þann galla að matið skilar sér seint. Ætlunin er því

að þróa nýtt mat fyrir frjósemi er byggja á eiginleikum sem skila mati fyrir en bil milli burða. Samkvæmt fyrstu áætlunum gæti slíkt mat komið til innleiðingar á árinu 2020.

Nú í lok nóvember eða byrjun desember mun íslenskum kúabændum að öllum líkindum standa SpermVital-sæði til boða. Í þessari viku eru norskir sérfræðingar við frýstinguna á sæði með þessari tækni á Nautastöð BÍ á Hesti í fyrsta skipti. Þetta sæði gæti því komið til dreifingar við næstu áfyllingar

á kúta frjóækna. Við viljum biðja menn að ganga hægt um gleðinnar dyr og kynna sér vel leiðbeiningar og tilmæli er varða notkun á þessu sæði sem birtast í næstu nautaskrá sem kemur út innan tíðar. Hér er um að ræða tækni sem getur nýst vel ef rétt er á málum haldið en ekki er neinna byltinga í fanghlytfalli að vænta.

Að lokum er svo rétt að nefna að síðasta föstudag komu fösturvísar úr norskum Angus-nautgípum til landsins. Þeir verða settir í kýr á nýju

einangrunarstöðinni á Stóra-Ármóti sem verður tilbúin innan nánast örfárra daga. Gangi áætlanir eftir gæti það orðið í byrjun desember og fyrstu kálfar því fæðst í ágúst 2018. Að lokinni 9 mánaða einangrun væri hægt að selja þá til bændu um eða upp úr miðju ári 2019.

Af þessari upptalningu má sjá að margt er í gangi er kemur að framkvæmd ræktunarstarfsins og kynbótum nautgripa hlerlendis, bæði hvað snertir mjólkur- og kjótfraeileiðslu.

Hrútafundir 2017

Eypör Einarsson
ábyrgðarmaður í
sauðfjárrækt
ee@rml.is



Hinir árlegu „hrútafundir“ búnaðarsambandanna eru nú á næsta leiti þar sem hrútakostur sæðingastöðvanna verður kynntur. Talsverð endurnýjun hefur orðið á hrútaflotanum en teknir hafa verið inn 20 nýir hrútar.

Heildarfjöldi hrúta í Laugardælum og í Borgarnesi, sem kynntur verður í nýrri hrútaskrá, telur 45 hrúta. Meðal nýju hrútanna má finna magnaða lambafæður, úrvals ærfeður,

mórauðan kollóttan hrút, tvo nýja hrúta með verndandi arferð m.t.t. riðumótsstöðu, hreinhvíta hrúta ásamt forystuhrútum og feldfjárrútt svo eitthvað sé nefnt.

Afkvæmarannsóknir vegna sæðingastöðvanna voru á fleiri stöðum en áður hefur verið eða á 8 stöðum á landinu sl. vetur og koma 10 hrútar í gegnum það val. Þá voru valdir 8 hrútar sl. vor sem flestir eru komnir með einhverja reynslu sem ærfeður. Tekinn var inn nýr forystuhrútur, Nikulás 15-977 frá Brakanda í Eyjafirði og nýr feldfjárrútur, Melur 12-978 frá Melhóli í Meðallandi. Þrjú hrútar verða áfram á stöðinni

Hrútafundir 2017

Búnaðarsambandsvæði	Dagur	Staður og tími
Búnaðarsamtök Vesturlands	Mán. 20. nóv.	Breiðabliki, Snæfellsnesi kl. 20:30
Búnaðarsamtök Vesturlands	Þri. 21. nóv.	Hvanneyri kl. 20:30
Búnaðarsamtök Vesturlands	Mán. 27. nóv.	Grunnskólinn Reykhólum kl. 15:30
Búnaðarsamtök Vesturlands	Mán. 27. nóv.	Dalabúð, Búðardal kl. 20:00
Búnaðarsamtök Vesturlands	Þri. 28. nóv.	Ásgarði, Kjós 21:00
Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda	Fös. 24. nóv.	Sal BHS Húnaþr. 13, Blönduósi kl. 13:30
Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda	Mán. 27. nóv.	Sævangur, Ströndum kl. 13:30
Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda	Mán. 27. nóv.	Ásbyrgi, Miðfirði kl. 20:00
Búnaðarsamband Skagfirðinga	Fim. 23. nóv.	Tjarnarbær kl. 20:00
Búnaðarsamband Eyjafjarðar	Mið. 22. nóv.	Hlíðarbær kl. 20:00
Búnaðarsamband S-Pingeyinga	Þri. 21. nóv.	Breiðamýri kl. 13:00
Búnaðarsamband N-Pingeyinga	Þri. 21. nóv.	Svalbarði, kl. 20:00
Búnaðarsamband Austurlands	Mið. 22. nóv.	Hótel Valaskjálfi (Þingmúli), Egilsstöðum kl. 20:00
Búnaðarsamband Suðurlands	Mán. 20. nóv.	Smyrlabjörg kl. 13:30
Búnaðarsamband Suðurlands	Mán. 20. nóv.	Hótel Klaustur kl. 20:00
Búnaðarsamband Suðurlands	Þri. 21. nóv.	Smáratún, Fljótshlíð kl. 13:30
Búnaðarsamband Suðurlands	Þri. 21. nóv.	Félagslundur kl. 20:00



Forystuhrúturinn Nikulás 15-977 frá Brakanda er einn af þeim 20 nýju hrútum sem verður á sæðingastöðvunum í vetur.

í Laugardælum sem ekki fá sérstaka kynningu í skránni. Það eru forystuhrúturinn Ungi 13-938, feldfjárrúturinn Lobbi 09-839 og Lækur 13-928. Þeir tveir fyrrnefndu hafa lokið sínum skyldum og nýir hrútar leysa þá af en þar sem þeir eru við góða heilsu verða þeir í boði áfram á sauðfjársæðingastöð

Suðurlands. Lækur verður nýttur í sérverkefni tengt rannsóknunum á erfðagallanum bóggreppu.

Bændur eru hvattir til að láta ekki deigan síga í sæðingum þótt móti blási í búgreininni því megin tilgangur ræktunarstarfsins er jú að auka verðmæti og hagkvæmni framleiðslunnar.

Ljóst er að talsverður munur

er á afkomu búa eftir því hversu afurðasamur fjárstofninn er. Þá eru bændur hvattir til að mæta sem flestir á „hrútafundina“ því þeir eru einnig vettvangur umræðna um ræktunarstarfið. Hingað til hefur mæting almennt verið góð á þessa fundi og megi svo áfram vera. Stefnt er að því að ný hrútaskrá líti dagsins ljós mánudaginn 20. nóvember.

Afkvæmarannsóknir í sauðfjárrækt

Þeir sauðfjárræktendur sem lagt hafa upp með afkvæmaprófun á hrútum sínum eru hvattir til að ganga frá uppgjöri afkvæmarannsóknarinnar í Fjarvís.is sem fyrst og senda tilkynningu á ee@rml.is um að uppgjöri sé lokið.

Tilkynningar þurfa helst að berast fyrir 1. des. Líkt og síðasta haust er veittur styrkur af fagfé sauðfjárræktarinnar á hvern veturgamlan hrút (hrútar fæddir 2016) sem prófaður er. Að lágmarki þurfa að vera 5 hrútar í samanburðinum og þar af a.m.k. 4 veturgamlir en ekki er um hámarksfjölda að ræða. Hver hrútur þarf að hafa að lágmarki 8

gimbrar (eða hrúta ef unnið er með hrútlömb) ómældar og stigaðar og 15 afkvæmi með kjótmát. Athuga þarf þegar uppgjör er vistað að nákvæmlega sömu hrútar séu á bakvið líflambahlutann og kjótmátshlutann, fyrr verður heildarskýrslan ekki til.

Markvissar prófanir á veturgömlum hrútum er líkt og bændur þekkja, skilvirk leið til þess að velja bestu gripina til áframhaldandi ræktunar m.t.t. skrokkgæða og bráðþroska. Að lokum er minnt á að nú er sá tími sem undirbúningur hefst fyrir næstu afkvæmaprófun og ræktendur hvattir til að framkvæma slíkt með markvissum hætti.



Til sölu er jörðin Pálmholt í Reykjadal. Mjög áhugaverður kostur sem bíður upp á ýmsa möguleika bæði í hefðbundnum búskap auk ferðaþjónustu. Mikill húsakostur og stutt í margar náttúruperlur og afþreyingu á svæðinu.

Pálmholt er um 8 km norðan við Laugar, einungis 32 km til Mývatns, 48 km til Akureyrar eftir að Vaðlaheiðargöng verða tekin í notkun og 32 km til Húsavíkur.

Hægt er að fá grunnteikningar af 60 kúa róbótafjösi. Jörðin selst án bústofns og tækja. Eigninni fylgir hlutdeild í veiðiréttindum í Reykjadalssá og Vestmannsvatni. Mikil gæsveiði.

Allar nánari upplýsingar veitir Björn á fasteignasölu Byggð í síma 897-7832.

Tilboð óskast



Norðurljósastofa

Frá Jötni Byggingum



Ný upplifun - meiri gæði fyrir þig og þína gesti!

- Glerhýsið er framleitt úr hágæða álrómmum (Reynaers CW 50) með tvöfaldrí hurð.
- Þak er með tvöfalt gler, ytra byrði er hert gler og innra byrði er gert úr samlimdu öryggisgleri.
- Tvöfalt gler í veggjum og hurðum. Hægt að sérpanta öryggisgler.
- Litir hvítt og állitað, hægt að sérpanta aðra RAL liti.
- Húsið er afhent í 4 einingum. Flutningur, uppsetning, undirstaða og áfellingur ekki innifaldar í verði.

Glæsileg viðbót við bústaðinn sem eykur á notagildi hússins vetur sem sumar.

Verð aðeins:

1.480.000 án vsk
Án hurða kr. 1.180.000 án vsk

Tilboð 3 eða fleiri:

1.380.000 án vsk
Án hurða kr. 980.000 án vsk

JÖTUNN
BYGGINGAR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss
Sími 480 0400 // jotunn@jotunn.is // www.jotunn.is